



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags tanks fyrir
lífrænan úrgang í landi Mela í Leirár-
og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu



Bjarni F. Einarsson. Mars 2000.

Inngangur

Að beiðni Línuhönnunar hf. kannaði Fornleifafræðistofan svæði við fyrirhugaðan tank fyrir lífrænan úrgang frá fyrirhuguðu svínabúi í landi Mela í Melasveit, Borgarfjarðarsýslu. Einnig var svæði í kring um svínabúið sjálft kannað. Þar hefur þegar eitt hús risið og önnur í bígerð. Er þegar búið að slétta allt byggingarsvæðið og hylja það möl. Ekkert markvert sást þar og kemur það ekki meira við sögu hér.

A.m.k. 50 m breitt svæði var kannað umhverfis staðinn þar sem tankurinn á að koma. Einnig var næsta umhverfi vegaslóða frá svínabúinu niður að staðnum og leiðin frá honum niður eftir Langagili að sjónum kannað.


Farið var í gegn um nokkra heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Friðlýsingarskrá.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fornleifa leitað.

Vettvangsvinna fór fram þann 16. mars síðastliðinn.

Umboðsmaður verkkaupa var Hafsteinn Helgason, Línuhönnun hf. Kann ég þessum aðilum kærar þakkar fyrir ánægjulegt samstarf.

Forsíðumyndin sýnir yfirlit yfir fornleifarnar í Langagili. Horft er til vesturs. Ljósm. BFE.



Mynd 1. Staðsetning rústanna í Langagili miðað við fyrirhugaðan safntank. Úr: Deiliskipulag tanks fyrir lífrænan úrgang. Teiknistofan Hús og skipulag.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en í landi Belgholts er kringlótt girðing í túninu fram undan bænum, nefnd dómhringur eða lögrétta og fornleg smágirðing er kallast kirkjugarður. Fornleifarnar voru friðlýstar árið 1930 (Fornleifaskrá 1990:19).

Í næsta nágrenni eru t.d. rústir gamla bæjarins á Melum við sjávarklettana auk þess sem kann að vera eftir af kirkjugarði og kirkjurúst. Einnig má nefna rústir kotbýlisins Áskots, sem stendur austur af Áskotsgili, sem er næsta gil sunnan við Langagil. Fleiri rústir munu vera í nágrenninu, en þær voru ekki skoðaðar.

Hinar friðlýstu minjar eru utan við hið kannaða svæði og ekki í nokkuri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þær voru ekki kannaðar.

Skv. þjóðminjalögum frá 1990, með síðari breytingum, eru allar minjar eldri en 100 ára friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema

með leyfi fornleifanefndar (17. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Við vettvangskonun kom í ljós að jarðrask er þegar hafið á svæðinu, austan við hið fyrirhugaða tankstæði. Hefur jarðvegur verið fjarlægður og möl/sandur verið settur í hans stað. Einnig hefur vegaslóðinn verið betrubættur alla leið niður að sjó. Hefur hann verið breikkaður á köflum og möl sett í hann.

Niðurstaða

Fornleifar fundust á einum stað, en það voru minjar í neðanverðu Langagili, eina 100 m frá mynni gilsins og ca. 30 m frá hinu fyrirhugaða tankstæði, sinn hvoru megin við vegaslóða sem liggur eftir giliinu niður að sjó. Á staðnum voru allavega tvær minjar, rúst og gerði, auk tveggja ræsa (1:1-2). Staðurinn telst hafa talsvert minjagildi og stafar hætta af hugsanlegri umferð manna um gilið (vélar, leiðslur m.m.).

Útræði hefur verið stundað frá Melum frá þessum stað eða í nágrenni hans. Hugsanlega eru rústirnar minjar um slíkt. Er jafnvel mögulegt að rústin sé einhverskonar þurrabúð eða sjóbúð og gerðið uppsátur fyrir báta eða til að þurrka fisk!

Fornleifanna í Langagili er ekki getið í skýrslu í tengslum við svæðisskipulag svæðisins (Svæðisskipulag fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar).

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifunum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til þeirra. Leiðslur að tankinum ber að hafa fyrir utan fornleifarnar.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Sjöunda bindi. Kaupmannahöfn 1940.

Svæðisskipulag fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar. Guðrún Jónsdóttir Júlí 1993.

Þjóðminjalög 1989, nr. 88, 29 maí. Með síðari breytingum.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Borgarfjarðarsýsla	Leirár- og Melahreppur	3504		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Melar	-	-		1-2

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	16.03.2000	N 64°24.10 W 022°01.59		-	<10 m

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Rúst og gerði							Melar	>2
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?	
Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?
Talsvert							Nei	Nei

Lega og staðhættir

Í gilskorningi (Langagili), ca. 70 m V af grunnir fyrirhugaðrar safnþróar. Í grasi grónni hvílt í gílinu og sitt hvoru megin við vegaslóða.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Melar. Örnefnastofnun.

Lýsing

Rúst og gerði.

Rústirnar eru misvel farnar á svæði sem er ca. 40 m stórt, norðan við læk sem rennur í gegn um Langagil. Á svæðinu er rúst og gerði sunnan við hana. Á milli og rústarinnar og gerðisins liggur vegaslóði niður að sjónum. Hefur efni verið borið í veginn nýlega og hann hækkaður og breikkaður á kafla.

Ca. 30 m ofan við rústirnar (austan við þær) gæti leynst rúst yst á nefi í miðjum gilskorninginum, en sunnan við lækinn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus C-820L

Athugasemdir

Á neðri myndinni má sjá gerðið niðri t.h. og ræsi sem mætast við það. Rústirnar eru hinum megin við veginn, utan við myndina hægra megin.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Borgarfjarðarsýsla	Leirár- og Melahreppur	3504		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Melar	-	-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	16.03.2000	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst		Melar	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Lítill	Lélegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Í gilskorningi (Langagili), ca. 70 m V af grunnri fyrirhugaðrar safnþróar. Í grasi grónni brekkurót, norðan megin við vegaslóða.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

Rústin (eða rústirnar) eru ca. 7 x 20 m stór (A - V). Við austur endan er rústin greinilegust. Sá hluti er ca. 3 x 5 m stór (N - S). Veggir úr torfi og grjóti, 1-1,5 m breiðir og 0,3 - 0,5 m háir. Dyr trúlega mót S. Vel gróin. Lögun rústarinnar er frekar ógreinileg (sjá ljósmynd).

Vestan við ofangreinda rúst eru rústabrot sem hugsanlega eru hluti af rústinni. Ekki er hægt að sjá neitt form á brotunum, annað en þau eru allavega um 17 m langar og 7 m breiðar. Sennilega hefur timburhús staðið þarna á þessari öld, þó eldri minjar kunni að leynast þar undir.

Að rústunum liggur ræsi sem á upptök sín skammt austar í giliinu. Liggur það fast upp að rústinni og beygir svo frá henni í átt að vestasta hluta gerðisins (nr. 2) þar sem það sameinast öðru ræsi sem liggur með gerðinu norðanverðu. Endar hið sameinaða ræsi í læk, syðst á svæðinu. Vegurinn er yfir hluta af ræsinu.

Ræsið er vafalítið til að veita rigningarvatni frá rústinni.

Athugasemdir

Á efri myndinni má sjá ræsi sem liggur fast upp að rústinni sunnanverðri. Austur endi rústarinnar er fyrir miðri efri myndinni. Neðri myndin sýnir allan austur hlutan.

Teikning/ljósmynd



Ljósmy



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus C-820L

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Borgarfjarðarsýsla	Leirár- og Melahreppur	3504		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Melar	-	-		2

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	16.03.2000	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gerði		Melar	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Í gilskorningi (Langagili), ca. 70 m V af grunni fyrirhugaðrar safnþróar. Í grasi grónni hvilft, á milli vegaslóða og lækjar. 7 m suður af nr. 1.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði.

Ca. 20 x 40 m (A - V).

Garðurinn utan um gerðið liggur í boga út frá og að læknum, sem rennur fyrir botni gilsins (Ákotsgils). Er hann úr torfi, ca. 0,7 m breiður og 0,4 - 0,6 m hár.

Suðurhliðina vantar, en þar er lækurinn.

Eftir norður hlið gerðisins liggur ræsi. Við NV horn þess sameinast ræsi þetta ræsinu hjá rústinni (sjá neðri mynd á höfuðblaði). Liggja svo hin sameinuðu ræsi áfram til suðurs að læknum.

Hlutverk ræsisins er vafalaust að veita vatni frá gerðinu.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus C-820L

Athugasemdir

Myndin sýnir norðurhluta gerðisins með ræsinu norður af því.